

KJARASAMNINGUR

SAMBANDS ÍSLENSKRA SVEITARFÉLAGA
F.H. ÞEIRRA SVEITARFÉLAGA OG ANNARRA AÐILA
SEM ÞAÐ HEFUR SAMNINGSUMBOÐ FYRIR

OG

SAMÍÐNAR
FYRIR HÖND AÐILDARFÉLAGA SINNA

GILDISTÍMI:
1. APRÍL 2023 til 31. MARS 2024

EFNISYFIRLIT

1 KAFLI: UM KAUP	3
1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN	3
1.7 PERSÓNUUPPBÓT.....	4
4. KAFLI: ORLOF	4
4.3 ORLOFSÁRIÐ	4
14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR	5
14.1 GILDISTÍMI.....	5
14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA	5
BÓKANIR	6
BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA	6
ELDRI BÓKANIR	6
FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR	7
FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT	7
FYLGISKJAL 4: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3 Í KJARASAMNINGUM AÐILA 2019 TIL 2023	9
FYLGISKJAL 5: VERKÁÆTLUN SAMNINGSAÐILA Á GILDISTÍMA KJARASAMNINGA 2023 TIL 2024	10

INNGANGUR

Kjarasamningar aðila með bókunum og fylgiskjöllum framlengjast frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024 með þeim breytingum sem í samkomulagi þessu felast og fellur þá úr gildi án frekari fyrirvara.

Þeir starfsmenn sem heyra undir kjarasamning þennan hafa réttindi og skyldur samkvæmt lögum nr. 94/1986 um kjarasamninga opinberra starfsmanna. Þar er m.a. fjallað um sérstöðu opinberra starfsmanna, samningsrétt stéttarfélagans og verkfallsrétt.

1 KAFLI: UM KAUP

1.1 FÖST MÁNAÐARLAUN

Grein 1.1.1 breytist og hljóði svo:

1.1.1 Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirfarandi launatöflu, sjá nánar í fylgiskjali 1:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

Útgefin launatafla hverju sinni nær yfir alla launaflokka sem miðað er við í kjarasamningi þessum. Við launaflokk leggst einstaklingsbundið persónuálag í samræmi við viðeigandi ákvæði í 10. kafla samnings þessa og myndar þannig dagvinnulaun viðkomandi starfsmanns. Laun þessi eru viðmiðun vegna afleiddra launategunda, s.s. tímakaups í yfir- og dagvinnu og lífeyrisgreiðslna B-deilda opinberra lífeyrissjóða eða sambærilegra deilda slíkra sjóða.

Undir almenn ákvæði þessa kjarasamnings heyra allir þeir starfsmenn sem sinna skilgreindum störfum skv. starfsmati sveitarfélaga og fá laun sem starfinu fylgja.

Með launatöflu 1 hefur hagvaxtarauka, sem koma átti til greiðslu 1. maí 2023 skv. gr. 14.2.1 og viðauka 3 með áðurgildandi kjarasamningi aðila, verið að fullu efndur. Jafnframt eru samningsaðilar sammála um að með þessari hækkun launatöflu 1 komi ekki til frekara endurmats á hagvaxtarauka skv. kjarasamningi 2019 til 2023.

Upphæðir breytast. Grein 1.7 hljóði svo:**1.7 PERSÓNUUPPBÓT**

1.7.1 Starfsmaður í 100% starfshlutfalli fær greidda persónuuppbót 1. maí og 1. desember ár hvert. Greitt skal hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma síðustu 12 mánuði fyrir greiðsludag. Hafi starfsmaður gengt hlutastarfi eða starfað hluta úr ári, skal hann fá greitt hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Hafi starfsmaður látið af störfum á árinu vegna aldurs skal hann fá greidda persónuuppbót hlutfallslega miðað við starfshlutfall og starfstíma.

Sama hlutfallsregla gildir ef starfsmaður var frá störfum vegna veikinda eftir að greiðsluskyldu vinnuveitanda lýkur eða vegna fæðingarorlofs sbr. 8. gr. laga nr. 95/2000. Sjá einnig gr. 11.1.8.

Persónuuppbót er föst fjárhæð og tekur ekki breytingum skv. öðrum ákvæðum samningsins. Á persónuuppbót reiknast ekki orlofslaun.

Áunnin persónuuppbót skal gerð upp við starfslok starfsmanns.

Persónuuppbót miðað við 100% starfshlutfall á samningstímanum verður sem hér segir:

1. maí 2023	kr. 55.700
1. desember 2023	kr. 130.900

4. KAFLI: ORLOF

Skýringarkassi við grein 4.3.1 breytist og greinin hljóði svo:

4.3 ORLOFSÁRIÐ

4.3.1 Orlofsárið er frá 1. maí til 30. apríl. Töku áunnins orlofs skal alltaf lokið fyrir lok orlofsársins, sjá þó gr. 4.6.1 og 4.6.2.

Samkvæmt orlofslögum nr. 30/1987 er framsal orlofslauna og flutningur þeirra milli orlofsára óheimill.

Samkvæmt 5. gr. laga um orlof nr. 30/1987 ber vinnuveitandi ábyrgð á að skipuleggja orlofstöku starfsfólks síns að teknu tilliti til óska þess eins og unnt er vegna starfseminnar.

Í þeim tilfellum sem starfsfólki hefur ekki verið gert kleift að taka uppsafnað orlof samkvæmt skýringartexta við gr. 4.3.1, verði þeim aðstæðum mætt af hálfu vinnuveitenda með gerð skriflegs samkomulags við viðkomandi starfsfólk um hvernig töku uppsafnaðs orlofs verði lokið. Gerð samkomulags skal lokið eigi síðar en 15. júní 2023.

Náist slíkt samkomulag ekki, skal vinnuveitandi tilkynna starfsmanni eigi síðar en 1. júlí 2023 hvernig orlofstöku skuli háttað þannig að tryggt verði að starfsmaður nái að ljúka töku uppsafnaðs orlofs.

14. KAFLI: GILDISTÍMI OG SAMNINGSFORSENDUR

14.1 GILDISTÍMI

- 14.1.1 Samningur þessi kemur í stað áður gildandi kjarasamnings og gildir frá 1. apríl 2023 til 31. maí 2024, en samningurinn fellur þá úr gildi án sérstakrar uppsagnar.

14.2 ATKVÆÐAGREIÐSLA

- 14.2.1 Samningsaðilar skulu bera samning þennan, ásamt bókunum og fylgiskjölum, upp til afgreiðslu fyrir 12. maí 2023. Hafi gagnaðila ekki borist tilkynning um niðurstöðu fyrir kl. 13:00 þann 12. maí 2023 skoðast samningurinn samþykktur.

Reykjavík, 25. apríl 2023

F.h. Sambandi íslenskra sveitarfélaga
með fyrirvara um samþykki stjórnar:

F.h. Samiðnar með fyrirvara
um samþykki félagsmanna.

BÓKANIR

BÓKANIR MEÐ KJARASAMNINGUM AÐILA

BÓKUN 1 [2023] Um launaupplýsingar

BÓKUN 1 (ný bókun)

Samningsaðilar eru sammála um afhendingu launatölfræðiupplýsinga en skortur á launatölfræði hefur getur hamlandi áhrif á getu SNS, heildarsamtaka og stéttarféлага til að sinna hlutverki sínu gagnvart umbjóðendum. Í ljósi þessa er nauðsynlegt að samningsaðilar geri með sér samkomulag um afhendingu launatölfræðiupplýsinga til framtíðar. Gengið verði frá samkomulagi um afhendingu gagna fyrir 1. nóvember 2023.

Stefnt skal að því að Samiðn verði afhent uppfærð launagögn með reglubundnum hætti tvisvar á ári, fyrir mars og október mánuði, um grunnröðun einstakra félagsmanna ásamt upplýsingum um viðbótarflokka vegna menntunar og þrepa vegna starfsreynslu og fagreynslu.

Stefnt skal að afhendingu launagagna úr gagnalóni fyrir 1. desember 2023.

ELDRI BÓKANIR

Bókun 1[2019] um styttingu vinnuviku fellur niður.

Bókun 2[2019] um vaktavinnu fellur niður.

Bókun 5[2019] um launaþróunartrygginu fellur niður.

Bókun 7[2019] um námssjóð fellur niður.

Bókun 3[2016] um launaupplýsingar fellur niður.

Bókun 7[2014] um viðbót við bókun 3 um endurskoðun vinnulags og verkferla starfsmatsins fellur niður.

FYLGISKJÖL OG VIÐAUKAR

FYLGISKJAL 1: LAUNATÖFLUR OG TENGITAFLA VIÐ STARFSMAT

Mánaðarlaun þeirra sem gegna fullu starfi, skulu greidd samkvæmt eftirtöldum launatöflum:

Launatafla 1: Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024.

LAUNATAFLA 1 með hagvaxtarauka									
SAMÍÐN									
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024									
Launa- flokkur	Grunnlaun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
130	481.940	491.579	501.217	510.856	520.495	530.134	539.773	549.411	559.050
131	486.037	495.758	505.479	515.200	524.920	534.641	544.362	554.083	563.803
132	490.182	499.985	509.789	519.593	529.396	539.200	549.004	558.807	568.611
133	494.371	504.258	514.146	524.033	533.920	543.808	553.695	563.583	573.470
134	498.605	508.577	518.550	528.522	538.494	548.466	558.438	568.410	578.382
135	502.888	512.946	523.003	533.061	543.119	553.177	563.234	573.292	583.350
136	507.217	517.362	527.506	537.650	547.795	557.939	568.083	578.228	588.372
137	511.593	521.825	532.057	542.289	552.521	562.753	572.985	583.216	593.448
138	516.018	526.339	536.659	546.979	557.300	567.620	577.941	588.261	598.581
139	520.492	530.902	541.312	551.722	562.132	572.542	582.951	593.361	603.771
140	525.013	535.513	546.014	556.514	567.014	577.515	588.015	598.515	609.015
141	529.585	540.177	550.769	561.360	571.952	582.544	593.135	603.727	614.319
142	534.208	544.892	555.577	566.261	576.945	587.629	598.313	608.997	619.682
143	538.882	549.660	560.438	571.215	581.993	592.771	603.548	614.326	625.104
144	543.608	554.480	565.352	576.224	587.096	597.969	608.841	619.713	630.585
145	548.384	559.352	570.320	581.287	592.255	603.223	614.190	625.158	636.126
146	553.213	564.277	575.342	586.406	597.470	608.534	619.599	630.663	641.727
147	558.096	569.258	580.420	591.582	602.744	613.906	625.068	636.230	647.392
148	563.033	574.293	585.554	596.815	608.075	619.336	630.597	641.857	653.118
149	568.023	579.384	590.744	602.105	613.465	624.826	636.186	647.547	658.907
150	573.068	584.529	595.990	607.452	618.913	630.374	641.836	653.297	664.758
151	578.170	589.734	601.297	612.861	624.424	635.988	647.551	659.114	670.678
152	583.327	594.993	606.660	618.326	629.993	641.659	653.326	664.992	676.659
153	588.540	600.310	612.081	623.852	635.623	647.393	659.164	670.935	682.706
154	593.811	605.687	617.564	629.440	641.316	653.192	665.068	676.945	688.821
155	599.140	611.123	623.106	635.089	647.072	659.054	671.037	683.020	695.003
156	604.529	616.620	628.711	640.801	652.892	664.982	677.073	689.163	701.254
157	609.975	622.175	634.374	646.574	658.773	670.973	683.172	695.372	707.571
158	615.482	627.791	640.101	652.410	664.720	677.030	689.339	701.649	713.959
159	621.049	633.470	645.891	658.312	670.733	683.154	695.575	707.996	720.417

LAUNATAFLA 1 með havgvaxtarauka SAMÍÐN									
Gildir frá 1. apríl 2023 til 31. mars 2024									
Launa- flokkur	Grunnlaun	Persónu- álag 2%	Persónu- álag 4%	Persónu- álag 6%	Persónu- álag 8%	Persónu- álag 10%	Persónu- álag 12%	Persónu- álag 14%	Persónu- álag 16%
160	626.679	639.212	651.746	664.279	676.813	689.346	701.880	714.414	726.947
161	632.368	645.015	657.663	670.310	682.957	695.605	708.252	720.899	733.547
162	636.617	649.349	662.081	674.814	687.546	700.278	713.011	725.743	738.475
163	641.659	654.492	667.325	680.158	692.992	705.825	718.658	731.491	744.324
164	646.752	659.687	672.622	685.557	698.492	711.427	724.362	737.297	750.233
165	651.895	664.933	677.971	691.009	704.047	717.085	730.123	743.161	756.199
166	657.089	670.231	683.373	696.515	709.657	722.798	735.940	749.082	762.224
167	664.253	677.538	690.823	704.108	717.393	730.678	743.963	757.248	770.533
168	671.512	684.942	698.373	711.803	725.233	738.663	752.094	765.524	778.954
169	678.870	692.447	706.025	719.602	733.180	746.757	760.334	773.912	787.489
170	686.324	700.051	713.777	727.504	741.230	754.957	768.683	782.410	796.136
171	693.879	707.757	721.635	735.512	749.390	763.267	777.145	791.022	804.900
172	701.538	715.568	729.599	743.630	757.661	771.691	785.722	799.753	813.784
173	709.297	723.483	737.669	751.855	766.040	780.226	794.412	808.598	822.784
174	717.159	731.502	745.846	760.189	774.532	788.875	803.218	817.562	831.905
175	725.127	739.630	754.132	768.635	783.137	797.640	812.142	826.645	841.147
176	733.203	747.867	762.531	777.195	791.859	806.523	821.187	835.851	850.515
177	742.279	757.124	771.970	786.815	801.661	816.507	831.352	846.198	861.043
178	751.486	766.516	781.545	796.575	811.605	826.634	841.664	856.694	871.724
179	760.826	776.043	791.260	806.476	821.693	836.909	852.126	867.342	882.559
180	770.303	785.709	801.115	816.521	831.927	847.333	862.739	878.145	893.551

FYLGISKJAL 4: SAMKOMULAG UM BREYTINGAR Á FYLGISKJALI 3 Í KJARASAMNINGUM AÐILA 2019 TIL 2023

Vaktavinnuhópur 2023 sammælist um að leggja til við samningsaðila að gera eftirfarandi breytingar á greinum 1.6.1., 1.6.2. og 2.6.10. í fylgiskjali 2 (fylgiskjali 3 hjá sveitarfélögum).

VAKTAÁLAG

Vaktaálagi verði breytt þannig að á þeim tímum sem er greitt 90% álag verði greitt 120% álag og á þeim tímum sem er greitt 120% álag verði greitt 165% álag. Greinar 1.6.1. og 1.6.2. verði:

1.6 ÁLAGSGREIÐSLUR - VAKTAÁLAG

1.6.1 Vaktaálag reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1. Vaktaálag skal vera:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 55,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 65,00% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 55,00% kl. 08:00 - 24:00 laugardaga, sunnudaga og sérstaka frídaga
- 75,00% kl. 00:00 - 08:00 laugardaga, sunnudaga, mánudaga og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega.

1.6.2 Greiðsla fyrir bakvaktir skal reiknast af dagvinnukaupi sbr. gr. 1.4.1 með eftirtöldum hætti:

- 33,33% kl. 17:00 - 24:00 mánudaga til fimmtudaga
- 45,00% kl. 17:00 - 24:00 föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 08:00 mánudaga
- 33,33% kl. 00:00 - 08:00 þriðjudaga til föstudaga
- 45,00% kl. 00:00 - 24:00 laugard., sunnud. og sérstaka frídaga
- 120,00% kl. 00:00 - 24:00 stórhátíðardaga sbr. gr. 2.1.4.3, þó þannig að frá kl. 16:00 - 24:00 á aðfangadag og gamlársgang og kl. 00:00 – 08:00 á jóladag og nýársdag er 165,00% álag.

Brot úr klst. greiðist hlutfallslega. Um greiðslur fyrir útköll á bakvakt gilda gr. 2.3.3.1 og 2.3.3.2.

VAKTAHVATI

Vaktahvata verði breytt til að tryggja jafnari vaktahvata til handa þeim hópi sem er með mestan fjölda og fjölbreytileika vakta á hverju launatímabili. Taflan í grein 2.6.10 verði:

2.6.10 Vaktahvati

Hlutfall vaktahvata miðist við eftirfarandi töflu:

Fjöldi vakta	Tegundir vakta			
	1	2	3	4
19		10,0%	12,5%	12,5%
18		7,5%	10,0%	12,5%
17		7,5%	10,0%	12,5%
16		2,5%	7,5%	12,5%
15		2,5%	2,5%	10,0%
14			2,5%	7,5%

FYLGISKJAL 5: VERKÁÆTLUN SAMNINGSAÐILA Á GILDISTÍMA KJARASAMNINGA 2023 TIL 2024

Með samkomulagi um framlengingu á kjarasamningi er viðræðum um önnur atriði en launalið aðila frestað. Aðilar eru sammála um að hefja viðræður eins og fram kemur í eftirfarandi töflu.

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Betri vinnutími í dagvinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Settur verður á laggirnar vinnuhópur þvert á opinbera launagreiðendur og bandalög/stéttarfélag líkt og er vegna betri vinnutíma í vaktavinnu.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Betri vinnutími í vaktavinnu / framlenging á fylgiskjali með áherslu á umbætur og eftirfylgni til að ná betur fram gagnkvæmum ávinningi. Vettvangur stýrihóps heldur áfram.	Vinna þegar hafin	31. janúar 2024
Bakvaktir / skoðun á fyrirkomulagi bakvakta.	17. apríl 2023	31. janúar 2024
Endurskoðun veikindakafla / framlenging á bókun 2.	Vinna þegar hafin	31. október 2023
Ráðning í tímavinnu / Aðilar eru ásáttir um að fara sameiginlega yfir fyrirkomulag ráðninga í tímavinnu.	17. apríl 2023	31. ágúst 2023

Ofangreind mál er á borði heildarsamtaka og launagreiðenda.

Eftirfarandi mál verða til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga:

Málefni	Vinna hefst	Vinnu lýkur
Endurskoðun á 10. kafla sbr. bókun 6*	September 2023	10. desember 2023
Skoðun á launatöflu	September 2023	10. desember 2023

* Samningsaðilar eru sammála um að vinnu við bókun 6 [2019] um endurskoðun á 10 kafla kjarasamningsins verði forgangsraðað á samningstímanum og nái aðilar saman um breytingar á matinu þá geti það tekið gildi á samningstímanum skv. nánara samkomulagi aðila. Vinna vegna bókunar skal hefjast eigi síðar en 1. september nk. og vera lokið fyrir 1. desember 2023.

Aðilar áskilja sér rétt til að taka fleiri mál til umræðu í aðdraganda næstu kjarasamninga.

Þann 31. október 2023 skulu kröfur stéttarfélaga liggja fyrir. Eigi síðar en 15. nóvember skulu viðræður hefjast og munu aðilar þá gera áætlun um framgang viðræðna ásamt tímasettum markmiðum.